



Efni: Gróðurfar á skipulagssvæði AF-402 við Sauðárhlið/Sæmundarhlið á Sauðárkróki.

Samkvæmt vinnslutillögu um breytingu á aðalskipulagi Skagafjarðar frá febrúar síðastliðnum, unnið af VSÓ Ráðgjöf, er gert ráð fyrir stækkun á umræddu skipulagssvæði, merktu AF402. Umrætt svæði er upp með Sauðá að sunnanverðu og þekur alls 4,1 ha verði breytingin samþykkt. Undirritaður kannaði svæðið 25. maí 2023 með tilliti til gróðurfars og vistgerða. Hagstæðara hefði verið að kanna gróður svæðisins síðar á árinu þegar gróður hefur tekið betur við sér en engu að síður er hægt að greina ráðandi vistgerðir á svæðinu og fjalla almennt um gróðurfar þess. Svæðið ber þess merki að hafa verið nytjað og líklega hafa verið þar kartöflugarðar fyrrum. Syðsti og vestasti hluti svæðisins hefur þunna jarðvegshulu og hefur lúpínu dreift sér nokkuð um svæðið auk þess sem trjá- og runnagróður er þar í nokkrum mæli einkum víðir og virðist að mestu sjálfásáð. Jarðvegur er þunnur og allmikill mosapekja. Norðausturhluti svæðisins er vel gróið graslendi þar sem snarrótarpunktur er ráðandi og flokkast sem snarrótarvist skv. vistgerðarflokkun Náttúrufraeðistofnunar. Auk snarrótar má þar finna háliðagras og fleiri algengar tegundir í graslendi en á köflum er allmikið af elftingu, líklega vallelftingu. Staðbundið má finna njóla í graslendum. Víða má sjá lúpínu á svæðinu, einkum við bakka og brekkurnar við Sauðá. Nokkrum barrtrjám hefur verið plantað við Sauðána auk alaskaaspar.

Sauðárkróki 25. maí 2023

Starri Heiðmarsson